

Grænt bókhald

Vegna ársins 2010

Sagaplast ehf.,
kt. 611293 – 2169
Flokkur 5.1
Gufunes
112 Reykjavík

Efnisinnihald:

- Yfirlýsing stjórnar
- Áritun endurskoðanda
- Almennar upplýsingar
- Breytur og auðlindanotkun

Yfirlýsing stjórnar.

Sagaplast ehf, er í áttunda skipti að færa grænt bókhald sbr. reglugerð nr 851/2002.

Starfsemin er spilliefnaþjónusta fyrir sveitarfélög á Íslandi. Ennfremur er hún fólgin í móttöku og útflutningi á bögguðum nælonnetum, pappír og plastefnum, rekstri dósamóttöku og flutningi og frágangi á drykkjarvöruumbúðum til útflutnings.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Sagaplast ehf,



Jón H. Ólafsson
framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðanda.

Til stjórnar Sagaplasts ehf.


Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Sagaplasts ehf. fyrir árið 2010 en hún hefur að geyma yfirlýsingu framkvæmdastjóra, yfirlit um auðlindanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum félagsins er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á abyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2010, og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 30. apríl 2011

Grant Thornton endurskoðun ehf.


Theodor Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Almennar upplýsingar.

- Nafn fyrirtækisins er Sagaplast ehf. og kennitala þess er 611293-2169.
- Lögheimili er við Gufunes 112 Reykjavík.
- Framkvæmdarstjóri fyrirtækisins er Jón H. Steingrímsson.
- Í stjórn fyrirtækisins á árinu 2010 sátu:
Elías Ólafsson
Gunnar Bragason
Haraldur Þór Ólason
Sveinn Hannesson
Úlfar Haraldsson
- Fyrirtækið er í flokki 5.1 skv. fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald.
- Sagaplast ehf. er með bráðabirgðastarfsleyfi sem gildir til 31. desember 2011 en umsókn um framlengingu starfsleyfis er til meðferðar hjá Umhverfisstofnun.
- Tímabil græns bókhalds er almanaksárið.

Umhverfisstefna.

Stjórn Sagaplast ehf. hefur samþykkt ákveðna umhverfisstefnu til að skýra áherslur fyrirtæksins í umhverfismálum.

Eftirfarandi stefnumarkmið eru höfð að leiðarljósi við alla vinnu í fyrirtækinu.

- Að öll aðstaða fyrirtækisins sé til fyrirmynadar.
- Að með vali á rekstrarvörum og við tækjakaup sé haft að leiðarljósi að lágmarka úrgang og mengun.
- Að fylgjast með þróun í umhverfismálum, innleiða, nýjar aðferðir og vinna stöðugt að umbótum í umhverfisstjórnun.
- Að nota hreina orkugjafa þar sem þess er kostur.
- Að lögð verði áhersla á að minnka pappírnotkun í rekstri fyrirtækisins og flokka og endurvinna þann pappír sem til fellur og nota endurunnar vörur sé þess kostur.
- Að finna hagkvæmar lausnir á þeim viðfangsefnum sem fyrirtækið tekst á við á hverjum degi og gæta þess að þær séu í fullri sátt við náttúru landsins og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Hlutverk Sagaplast ehf.

Starfsemin felst í að annast spilliefnaþjónustu fyrir sveitarfélög á Íslandi. Starfsemin er spilliefnaþjónusta fyrir sveitarfélög á Íslandi. Ennfremur er hún fólgin í móttöku og útflutningi á pappír og plastefnum, rekstri dósamóttöku og flutningi og frágangi á drykkjarvöruumbúðum til útflutnings.

Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi

Breyta	Eining	2010	2009
Rafmagn	kWh	101.196	93.864
Heitt vatn	m ³	2.148	1.968
Vír v/böggunar	Kg	6.000	13.865
Bensín	Ltr.	771	333
Díselolía	Ltr.	2.658	4.068
Plast v/rafgeyma	m ²	125	

Plast er notað til að breiða yfir rafgeymakör og bindivír er notaður við böggun fyrir plast, pappír eða aðra úrgangsflokka sem eru sendir í endurvinnslufarveg. Á árinu 2010 er minna keypt inn af bindivír vegna birgða frá fyrra ári. Aukning vegna rafmagns má rekja til að aukinnar vinnslu á endurvinnsluefnum. Aukin notkun bensíns er vegna tíðari heimsókna til viðskiptavina.

Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru unnar upp úr reikningum frá birgjum.

Kvartanir.

Á árinu komu ekki fram neinar kvartanir og ekki urðu nein vinnuslys.